Samantekt frá íbúafundi í Félagsheimilinu Fellsborg 12.11.2026

Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri, bauð fundargesti velkomna og kynnti dagskrá fundarins. Hann lagði áherslu á að fundurinn væri fyrsta skrefið í virku samtali sveitarstjórnar við íbúa um málefni sveitarfélagsins og framtíð þess. Fundurinn væri ætlaður til upplýsinga og opinnar umræðu um stöðu sveitarfélagsins og þau tækifæri sem væru fram undan.

Ragnheiður Erla Stefánsdóttir, oddviti, þakkaði íbúum fyrir frábæra mætingu og fór yfir stöðu sveitarfélagsins undanfarna mánuði. Endurnýjun kjörinna fulltrúa og starfsfólks sveitarfélagsins væri áskorun. Áhersla hefði verið lögð á lykilverkefni, meðal annars launamál og grunnrekstur, sem hefði leitt til þess að önnur verkefni hefðu tekið lengri tíma. Oddviti þakkaði íbúum fyrir þolinmæði og skilning á þessum breytingatíma.
Þá kom oddviti inn á að sveitarstjórn hefði gert nokkrar litlar breytingar til að auka upplýsingaflæði til íbúa:

- Atriði sem sveitarstjóri fer yfir í skýrslu sinni á sveitarstjórnarfundum eru nú birt í fundargerðum sveitarfélagsins.
- Opnir viðtalstímar sem kjörnir fulltrúar skipta með sér og eru íbúar hvattir til að nýta tímana. Þetta er góð leið til að koma málum á framfæri og hafa áhrif.
- Íbúafundir verði haldnir að lágmarki tvisvar á ári, annars vegar í tengslum við fjárhagsáætlunargerð og hins vegar þegar ársreikningur liggur fyrir.

Oddviti fór yfir þá umræðu sem átt hefur sér stað á nýafstöðnu Landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga sem hún hefði sótt, þar sem tíðrætt hefði verið um sameiningu minni sveitarfélaga. Hún lagði áherslu á að sveitarstjórn teldi mikilvægt að upplýsa íbúa um þá umræðu en að sveitarstjórn telji vilja íbúa ekki standa til þess að hefja slíka vegferð að svo stöddu.
Oddviti lagði áherslu á :

- Nauðsyn þess að við séum öll saman í liði og stöndum vörð um samfélagið.
- Stóru verkefnin eru fjölgun íbúa, aukin atvinnutækifæri og uppbygging íbúðarhúsnæðis. Við þurfum að standa saman og vinna þessi verkefni saman.
- Litlu hlutirnir skipta þó miklu máli í litlum samfélögum og þar getur hver og einn íbúi haft áhrif. Mikilvægt er við tökum þátt, komum vel fram og gerum okkar besta til þess að fólki líði vel á Skagaströnd.
- Svo eru önnur atriði sem hafa áhrif en hver og einn metur fyrir sig, svo sem að láta ekki íþróttastyrki daga uppi hjá stéttarfélögum, nýtum slíka styrki t.d. með kaupum á korti í ræktina eða árgjaldi í golfklúbbinn þar sem unnið er frábært sjálfboðaliðastarf. Kirkjan okkar er notuð fyrir alls konar tilefni, t.d. fyrir skólann og tónlistarskólann. Ef við erum skráð í þjóðkirkjuna rennur okkar framlag til kirkjunnar í stað þess að fara frá Skagaströnd. Það hefur allt áhrif í litlum samfélögum.

Kynning sveitarstjóra
Ólafur Þór sveitarstjóri fór yfir stöðu sveitarfélagsins og helstu áskoranir framundan. Meðal annars með upplýsingum á glærum sem voru sýndar.

Íbúaþróun og samfélag
Fram kom að:

- Árið 2001 hafi íbúar sveitarfélagsins verið um 600.
- Í dag séu íbúar um 450.

- Íbúafjöldinn virðist hafa þó hafa náð nokkru jafnvægi á fyrir um 10 árum.

Fjallað var um samsetningu atvinnulífs á Skagaströnd og birtar upplýsingar frá Byggðastofnun. Farið var yfir að sjávarútvegur, opinber þjónusta, heilbrigðisþjónusta, fræðslumál og ferðaþjónusta gegna mikilvægu hlutverki.

Fjármál sveitarfélagsins

Sveitarstjóri fór yfir lykiltölur úr rekstri sveitarfélaga á landinu almennt og stöðu Skagastrandar sem eru teknar saman út frá ársreikningum sveitarfélag fyrir árið 2025.

Fram kom að:

- Skuldahlutfall væri um 64% og því vel undir lögbundnu hámarki sem er 150%. Stór hluti þessa er vegna lífeyrisskuldbindinga.
- Skuldir sveitarfélagsins væru tiltölulega lágar.
- Veltufé frá rekstri hefði verið neikvætt undanfarin ár, sem þýddi að minna svigrúm væri til framkvæmda og niðurgreiðslu skulda úr rekstri.

Helstu útgjaldaflokkar sveitarfélagsins væru:

- Fræðslu- og uppeldismál, um 54% af rekstrarkostnaði.
- Æskulýðs- og íþróttamál, um 10%.
- Félagsþjónusta um 9%.
- Samstarfsverkefni við önnur sveitarfélög (málefni fatlaðra og barnavernd).
- Sameiginlegur kostnaður (skrifstofa, landshlutasamtök ofl).

Fjárfestingar og framkvæmdir

Sveitarstjóri kynnti að nú væri unnið að nýrri fjárfestingaáætlun sveitarfélagsins.

Fram kom að:

- Framkvæmdum við höfnina væru að mestu lokið.
- Drög að nýrri fjárfestingaáætlun geri ráð fyrir um 60 milljóna króna fjárfestingu árið 2027.
- Þriggja ára áætlun geri ráð fyrir um 70 milljóna króna fjárfestingum.

Áhersla sé lögð á að tryggja að rekstur sveitarfélagsins standi undir nauðsynlegum reksti og fjárfestingum til framtíðar. Sveitarstjóri kom inn á að svigrúm væri til lántöku en það telji inn í rekstrinum til lengri tíma.

Í þeirri vinnu sem sú unnið að í fjárhagsáætlun liggi fyrir að rekstur sé næstum slétt á einum milljarði. Verkefni sveitarfélaga skiptist í A og B hluta. Rektur A hluta sé um 770 milljónir og gert sé ráð fyrir afgangi í B-hluta (t.d. höfn og vatnsveita).

Framtíðarsýn og uppbygging

Sveitarstjóri biðlaði til fundargesta að hugsa ca 25 ár aftur í tímann og framtíðarsýn Skagastrandar til ársins 2050.

Meðal þeirra tækifæra sem áður hafi verið skilgreind sem mikilvægust á fyrri íbúarfundum hafi m.a. verið (fleiri atriði voru á glærum):

- Ferðaþjónusta
- Nýsköpun og atvinnuuppbygging
- Orkunýting
- Samstarfsverkefni innan Norðurlands

Fram kom að ferðaþjónusta hafi skorað hæst í fyrri greiningum á þróunartækifærum sveitarfélagsins. Þar væru enn tækifæri til staðar.

Umræður og fyrirspurnir íbúa

Byggðaáætlun og styrkir
Spurt var um nýja byggðaáætlun stjórnvalda (innviðaráðherra) og möguleg tækifæri sem henni fylgja.
Fram kom að sveitarfélagið fylgist með þróun mála og mikilvægt að sveitarfélagið nýti þau styrktartækifæri sem bjóðast, líkt og áður hefur verið gert við verkefni t.d. á Höfðanum.

Uppbygging í gömlu síldarvinnslunni
Spurt var um fyrirhugaða uppbyggingu sem tengist sundlaug í baðlónsstíl á Hólanesi og hótelrekstri í húsnæði gömlu síldarvinnslunnar.
Upplýst var að:

- Vinna við viljayfirlýsingu væri enn í gangi.
- Sérstakt teymi hefði verið skipað til að vanda undirbúning verkefnisins.
- Sá sem stendur að verkefninu geri ráð fyrir að starfsemi geti hafist um árið 2030.
- Skipulagsvinna og önnur undirbúningsverkefni verði unnin á árinu 2027.

Íþróttahús og aðstaða
Spurt var um aðgangsmál í íþróttahúsinu. Fram kom að unnið væri að því máli í samstarfi við forstöðumann. Búið væri að ganga frá öllum leyfum og undirbúningi.

Landeldi/seiðeldi
Spurt var hvort sveitarfélagið hefði skoðað möguleika á landeldi.
Svar sveitarstjóra var að hugmyndin hefði verið nefnd en engin formleg greining eða undirbúningsvinna hefði farið fram hingað til.

Slippurinn
Rætt var um framtíð slippsins.
Fram kom að:

- Kostnaðargreining væri í vinnslu (m.a. hefði borist svar fyrr um daginn, frá köfunarþjónustu sem óskað hafði verið tilboðs frá).
- Málið hefði verið sent til Hafnar- og skipulagsnefndar sem myndi leggja mat á framtíðarnýtingu eignarinnar.
- Oddviti kom m.a. inn á að meta þyrfti hvort sveitarfélagið ætti að koma að rekstri slippsins en það er almennt ekki svo að sveitarfélög reka slippi og því mikilvægt að m.a. yrði lagt mat á hvort ætti að selja eða leigja rekstur hans. Gæta þyrfti að jafnræði á milli fyrirtækja á staðnum en það eru örfá fyrirtæki sem geta nýtt slippinn.

Rekstur skrifstofu sveitarfélagsins
Spurt var um kostnað vegna ráðgjafar og verkefna sem unnin hafa verið af KPMG. Sveitarstjóri sagði að réttilega fylgi þjónustunni kostnaður en að unnið væri að ráðningu starfsmanns á skrifstofu sveitarfélagsins. Þá var bent á að aukinn kostnaður á árinu skýrðist meðal annars af breytingum á skrifstofu og þeim kostnaði sem fylgir því að skipta um sveitarstjóra, en því fylgir að um tíma eru tveir slíkir á launaskrá hjá sveitarfélaginu.

Lífeyrisskuldbindingar vegna Sæborgar
Fyrirspurn kom fram um stöðu lífeyrisskuldbindinga vegna starfsmanna Sæborg, tengdum yfirfærslu á verkefnum frá fyrrum byggðarsamlagi yfir til ríkisins.

Sveitarstjóri upplýsti að málið væri enn til skoðunar hjá ríkinu og viðræður við fjármálaráðuneytið væru í gangi. Meðal annars hefði verið fundað með ráðuneytinu í haust.

Málefni grunnskólans
Spurt var um stöðu mála í grunnskólanum og dómsmál sem hefðu verið í tengslum við skólann.
Sveitarstjóri upplýsti að:

- Skólastjóri væri í veikindaleyfi.
- Berglind Hlín gegndi starfi starfandi skólastjóra.
- Að öðru leyti væri honum ekki unnt að tjá sig um einstök starfsmannamál eða dómsmál sem ekki lægi fyrir niðurstaða í.

Íslenskukennsla fyrir starfsfólk af erlendum uppruna
Spurt var um stefnu sveitarfélagsins um íslenskukennslu fyrir starfsmenn sveitarfélagsins sem hafa annað móðurmál en íslensku. Tekið var dæmi um önnur sveitarfélög þar sem starfsmönnum væri gert kleift og skylt að sækja slík námskeið á vinnutíma.
Fram kom að fulltrúar og sveitarstjóri töldu mikilvægt að skoða málið frekar.

Sundlaug og heitt vatn
Rætt var um stöðu núverandi sundlaugar og mögulega nýja sundlaug í tengslum við uppbyggingu á svæðinu.
Fram kom að:

- Núverandi sundlaug væri komin til ára sinna.
- Miklar endurbætur væru nauðsynlegar vegna húsnæðis, aðgengis (t.d. fatlaðra einstaklinga) og vinnuaðstöðu starfsfólks.
- Þá kom fram að á fundi með Rarik hefði komið fram að ný borhola hefði skilað nægu heitu vatni en að sökum stærðar á lögn til sveitarfélagsins væri talin mikill kostur að ná stórnotenda á svæðið til að ná upp hitastigi á vatninu á áfangastað.

Ferðaþjónusta og hafnaraðstaða
Varpað var fram hugmyndum um aðstöðu fyrir skemmtiferðaskip.
Sveitarstjórn tók vel í þær hugmyndir og taldi mikilvægt að safna slíkum hugmyndum til frekari vinnslu í tengslum við vinnu Atvinnu- og ferðamálanefndar.

Fundarslit
Sveitarstjóri þakkaði fundargestum fyrir góða þátttöku og skemmtilegar umræður.
Áhersla var lögð á að fundurinn væri upphaf að áframhaldandi samtali sveitarstjórnar og íbúa um framtíð Skagastrandar.
Fundi var slitið kl. 18:30.